

Mit. 18/1. kl 10<sup>oo</sup>

## S T A R F S S K Ý R S L A

skógarvarðarins á Vesturlandi árið 1954.

### 1. Girðingar.

Á árinu var girt skógræktargirðing í Sauralandi í Helgafelssveit röskan 1 km. að lengd, en Sauravatn girðir á ca. 400 m svæði. Stærð landsins er um 15 ha., að mestu kjarri-vaxið og mjög vel fallið til skógræktar. Landið er í eign skógræktar ríkisins, og lagði skógræktin til girðingarefni, en Skógræktarfélag Stykkishólms annaðist vinnu við girðinguna fyrir skógrækt ríkisins, og framvegis mun Skógræktarfélag Stykkishólms planta í girðinguna á sinn kostnað, samkvæmt nánari fyrirmælum þar um frá hálfu Skógræktar ríkisins.

Girðingin er 6 þætt gaddavírsgirðing, bæði tréstaurar og járnstaurar notaðir. Allur frágangur vandaður.

Jafnaskarðsgirðing var mjög úr sér gengin og allir staurar ónýtir. Var hafist handa í sumar um endurbætur og mikill hluti girðingarinnar endurgirtur, eða nálægt 3 km. Einvörðungu voru notaðir járnstaurar en trérenglur. Þá var notað 5 þætt vínet og gaddavírssstrengur undir og ofaná.

Girðingarstæði er mjög vont og flutningar á girðingarefni erfiðir. Enn er endurgirðingu um Jafnaskarðsskóg ekki að fullu lokið, en mjög skifti um til batnaðar á vörzlu girðingarinnar síðari hluta sumars, þó verða erfiðoleikar nokkrir á umbúnaði þar sem girðingin kemur í Hreðavatn, því vatnið

fjarar mjög í burkasumrum. Í ár var lokið við Húsafells og Kalmanstungugirðingar.

Í Dalasýslu var girt skógræktargirðing í Miðdalsgröf í Miðdalahreppi 2,5 ha. Þarna eru nálega einu kjarrleifarnar sem eftir eru í suðurhluta Dalasýslu, og á Fellsenda sem er næsti þær við Miðdalsgröf.

Skógræktarfélag Dalamanna annaðist framkvæmd verksins. Fyrirhuguð ~~var~~ stækjun næsta vor.

Í Botni í Dýrafirði var girt kjarrlendi, 10 ha. að stærð og var verkið unnið af skógræktarfélaxi Vestur-Ísafjarðarsýslu er lagði fram aíla vinnu og einnig nokkuð af girðingarefni nu.

Skógræktarfélag Borgfirðinga og U. V. Fjörn Hítela úr Hraunhr. girtu skógræktargirðingu á Hundastapa á Nýrum til ríuningar um Jón Guðmundsson frá Hundastapa er var mikill áhugaður um skógrækt og var í síðustu skógræktarför til Noregs. Girðingin er um ~~15~~<sup>1.5</sup> ha.

Einstaklingar hafa girt smágirðingar, en efnisskortur og dýrtíð á öllum sviðum torvelda slíkar framkvæmdir einstaklinga, er nokkru nemur. Viðhald girðinga er alltaf mikið, og er Sauðhússkógar girðing gjörsamlega ónothæf, allir staurar ónytir og vír lélegur. Ófremsdarástand er á Búðahraunsgirðingu og hefir formaður Snæfellingafélagsins Ásgeir Ásgeirsson frá Fróðá þverneitað öllum skynsamlegum tillögum um framtíð þeirrar girðingar, en Snæfellingafélagið í Reykjavík ber ábyrgð á viðhaldi Búðagirðingar. Þigi verður lengur umflúið að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir með valdi.

2. Gróðursetning.

Á vegum skógræktarinnar voru gróðursettir plöntur á s. l. vori er eftирgreind tafla sýnir:

Ösp.	Rauð greni. Pakin Rana.	Lerki	F. Pay Arcangelsk Sitka. Heinola.lerki.	Con- tata- greni.	Skógar fura.	Berg- fura.
Stálpastadir	50 -	2500	5105-	5610-	62-	4500-
Hvammur, Skorrad.	ATH? 2000-		1000-	-1000-	2000-	-
Jafnaskarðssk.		3100- vít vánmíð		-1000-	3800-	
Ymsar gírðingar		500-			2000-	
<u>samtals.....</u>	<u>5000-</u>	<u>8105-</u>	<u>-6610-</u>	<u>-1000-</u>	<u>-1000-</u>	<u>62-</u>
					12300-	22000

Á vegum ýmissa félagasamtaka og einstaklinga voru settar niður plöntur er hér greinir.

	Skógarfura	lerki	Rauðgreni.
Kaupfélag Borgfirðinga	44300	- 800	5000 100
Hofstaðagirðing	900		
Sauraskógur	3000		
Hvammur í Dölum	4000		
Armahlíð	1200		
Bjarkarlundur	1000		
Hól mavík	1000		
<u>Samtals.....</u>	<u>55400</u>	<u>- 800</u>	<u>- 5100</u>

Ytrafell 5000 plöntur.

Kristleifur, Húsafelli 3000 plöntur og ~~Arun~~.

Friðrik Þorsteinsson eigandi Jafnaskarðs 5000 plöntur.

Auk þess er að framan greinir voru margir einstaklingar og félagasamtök er gróðursett mikið, en nákvæmar upplýsingar Ytrafell, Þorsteini, j.h. knifla 2.

lysingar liggja ekki fyrir, vonandi berast skyrlur um það síðar. Þess má geta að í Mýra og Borgarfjarðarsýslum munu hafa verið gróðursett af félögum og einstaklingum um 80 þúsund plöntur á s. l. vori.

### 3. Græðireitur.

Úr græðireitnum við Hreðavatn voru afhentar þessar plöntur.

	Skógar fura 3/0	Birki 3/0.	Arcangelsk Birki 2/1.
Að Stálpastöðum	1000		1000
Í Jafnaskarðsskóg	3800	<i>Fjárholt</i>	
Ýmsar girðingar	2000	1800	
Systkinareitur Reykholti	800		
<u>Samtals.....</u>	<u>7600</u>	<u>1800</u>	<u>1000</u>

Auk þess voru afhentar úr reitnum 5 þúsund garðplöntur, sitkagreni og birki.

Næsta ár mun fást úr reitnum 10-12 þúsund furur 3/0. Ennfremur eru sáð þeð með furuplöntum frá fyrra ári.

Þar sem ákvæðið er að leggja reitinn niður hefir engin vinna verið framkvæmd þar umfram allra nauðsynlegustu hirðingu, og hún þá af skornum skammti, því fjárframlag til græðireits á þessum stað er ekki veitt. Engu var sáð í vor.

### 4. Skógarhögg.

Mjög mikil verk er á ári hverju að ryðja skógarkjarrið

í Stálpostaðahlíð og Hvammi í Skorradal, svo hægt sé að planta í landið. Þá hefir einnig orðið að grisja mikið í Jafnaskarðsskógi. Þótt tölverðum fjármunum sé varið árlega í grisjun fer því fjarri að nóg sé aðgert, og væri full þörf á að grisja ári áður en að plantað er í landið ef þess væri kostur.

#### 5. Byggingar.

Skúrinn við Hreðavatn var stækkaður, og er þar nú sәmileg vistarvera fyrir 6-7 menn yfir stuttan tíma, því aðstaða til matreiðslu er erfið.

#### 6. Laufgun. Fræfall.

Skógur laufgaðist um 20. maí og lauffall varð frá miðjum september. Fræár var afbragðsgott, og er mikið tjón að fræið skuli eigi vera hagnýtt enda þótt birkistofninn á þessum stöðum sé ekki fyrsta flokks.

#### 7. Tíðarfari og vöktour skógar.

Vetur frá áramótum mjög úrfellasamur, en snjóléttur, og jörð klakalaus að kalla. A sumardaginn fyrsta gróðursetti ég 27 lerki plöntur í Jafnaskarðsskógi og var þá alstaðar klakalaust þar. Með sumri kom kuldakafli er hélst til 15 maí, en þá hlýnaði mjög og gréri fljótt. Júnímánuður var of purviðrasamur fyrir nýgróðursettar plöntur, og fór þeim eigi fram sem vænta hefði mátt eftir hitanum. Tíðin í júlí og ágúst og fram yfir 10 sept. var góð, nægur raki oftast, enda döfnuðu plöntur vel. Í sept. gerði norðan stórvíðri með fannburði miklum og var þá vetrartíð nokkra daga. Haustið var umhleypingasamt og snjóaði oft mikið, einkum framan af hausti. Jörð mjög klakalítill til áramóta.

## 8. Ferðalög og störf.

Ég var 235 daga fjarverandi í erindum skógræktarinnar auk þess vann ég í Jafnaskarðsgirðingu. oft var ég á Stálpastöðum, Norðtunguskógi. Auk þess skrifaði ég mörg bréf, svaraði fyrirspurnum, bæði símleiðis og á annan hátt, og ennfremur hef ég haft framkvæmdir og reikningshald Skógræktarfélags Borgarfjarðar og mikil störf fyrir skógræktarfélög á Vesturlandinu.

Helstu ferðalög voru þessi: Hinn 6-7-8 febr. fór ég vestur í Stykkishólm á fund með skógræktarmönnum þar og mældi fyrir girðingunni í Sauraskógi, því ákveðið var að flytja efni á staðinn og byrja framkvæmdir hið allra fyrsta. Frá 11. mars til 2. apríl ferðaðist ég um alla Mýra og Borgarfjarðarsýslu og sýndi kvíkmyndir á 12 stöðum, þar á meðal Hvanneyri, Reykholti og Varmalandi. Jafnhliða hélt ég fundi og talaði um skógræktarmál. Um 800 manns sóttu þessa fundi. Sýningarárvélar fékk ég í héraðinu, en kvíkmyndir hjá fræðslumálastjórninni og Ameriska sendiráðinu. 3 og 4 apríl fór ég með kvíkmyndir vestur að Vegamótum á Snæfellsnesi og flutti þar erindi um skógræktarmál, fundur var fjölmennur. 9. maí fór ég vestur að Hvammi í Döllum samkvæmt ósk Skógræktarfélags Dalamanna. 15. og 16. maí fór ég norður í Strandasýslu og sýndi kvíkmyndir á Hólmavík og flutti erindi um skógrækt. Um 200 manns voru á þeim fundi. Að fundi loknum kendi ég útplöntun og talaði við forráðamenn í skógræktarmálum. Ennfremur athugaði ég skógræktargirðingar og leiðbeindi um meðferð þeirra. 17. og 18. maí var ég í Stykkishólmi og Sauraskógi til leiðbeininga samkvæmt ósk skógræktarfélags Stykkishólms. 10. maí fór ég vestur að Ytrafelli í Döllum, kendi þar grisjun og athugaði girðinguna, en þar var fyrirhugað að planta í vor. 10. og 11. júní

fór ég ásamt 2 mönnum vestur að Ytrafellí og fékk þar fólk til að gróðursetja, kendi ég þar mörgum unglungum gróðursetningu.

17. jún. fór ég vestur í Dalasýslu og kendi útplöntun á Kvenna-brekku og Gröf í Miðdölum. Gróðursettar voru þennan dag um 4000 plöntur, fjöldi fólks var mætt. Um kvöldið flutti ég er-indi. 20. júní fór ég vestur að Dönu-stöðum í Dalasýslu og athugaði samkvæmt ósk Skúla bónda þar, land fyrir skógrækt. 1-2-3-4. júlí var ég á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands að Hallormsstað. 7-8-9-10. sept. fór ég um Vestfirði, kom fyrst til Ísafjarðar í flugvél, þaðan fór ég landleiðina til Patreks-fjarðar og skoðaði helztu skógræktarframkvæmdir og hitti for-ráðamenn skógræktarfélaganna. Nánar um þessa ferð vísast til skýrslu um ferðina. 12. okt fór ég vestur í Dalasýslu í erindum skógræktarinnar. Auk þeirra ferða er hér greinir fór ég fjölda leiðbeiningarferða og eftirlitsferða um Borgarfjarðar og Mýrasýslu í vor ferðaðist ég á milli vinnustaða og vann sjálfur eftir getu að gróðursetningu og lagfæringu girðinga, flutti efni og plöntur, annaðist aðdrætti handa verkafólki o.fl. Þá hef ég annast um gróðursetningu fyrir Kaupfélag Borgfirðinga, Snorragerði, Reykholt, Hvanneyrarskóla, Varmalandsskóla, Friðrik Þorsteinsson o. fl.

Þeir eru margir sem óska eftir leiðbeining um <sup>um</sup> ýmis-legt er að skógrækt lýtur, og fer sífellt fjölgandi. Frá mínu sjónarmiði er þetta mjög eðlilegt, og ætti að vera okkur er við skógrækt vinnum, gleðiefni.

Áróður sá er hafinn var fyrir nokkrum árum fyrir fram-gangi skógræktarmála í landinu kemur best fram í áhuga fólksins fyrir aukinni leiðbeiningu og meiri fjárhagslegri aðstoð við skógræktarstörfin. En því miðurfinnum við það bezt, sem eignum

að vinna meðal þessa fólks sem búið er að eggja til átaka í skógræktarmálum hve það reynist erfitt að standa við það sem lofað hefir verið í þessu málí. Það er ekki vandalaust fyrir skógarvörð að vera kallaður til ábyrgðar fyrir nágu girðingarefni, násum og ræðum ódýrnum plöntum og fleiru í því sambandi en vera svo með tvær hendur tómar. Þegar við andmælum ýmsu hjá fólkiniu í þessum málum, dregur það fram blaðaummaðli og vitnar í ræðu skógræktarmanna um þessi mál og bendir mér ofurkurteislega á að ég eigi að vita hvað sé sagt um plöntufjöldan og alla möguleikana sem fyrir hendi séu. Að pennan hátt afhjúpar fólk ið fávisku ~~því~~<sup>minna</sup> um eitt og annað í sambandi við framkvæmdir skógræktarmálanna. Það ~~vælt~~<sup>þykist</sup> betur sjálf um plöntuframleiðsluna og alla möguleikana, heldur en ég sem starfsmaður skógræktarinnar. Og það hefir þetta allt eftir blöðunum ræðum og útvarpi. En samt veit ég þetta allt ofur vel. Ég veit að það hefir verið skortur á plöntum og girðingarefni - og ég veit að fjárvskortur er einnig hjá skógræktinni. Það er oft erfitt að vekja of mikinn áhuga og gefa of miklar vonir um árangur. Ef sá áhugi bilar sem þegar er vakinn í skógræktarmálum, verður erfiðara að vinna hann upp aftur.

Skógarvörðurinn  
á Vesturlandi